



Mennta- og barnamálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. september 2023

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu: breyting á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 (vinnustaðanám, innritun ofl.)

Umsögn Rafiðnaðarsamband Íslands, MATVÍS, VM -félag vélstjóra og málmæknimanna og BYGGIÐN -félag byggingarmanna (hér eftir nefnd „Fagfélögin“) er eftirfarandi:

Áform um breytingar á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, sem nú liggja fyrir, hafa það að markmiði að aðlaga þau að breytingum á framhaldsskólum og styrkja lagagrundvöll reglugerðar um vinnustaðanám nr. 180/2021. Að mati Fagfélaganna er margt sem kemur fram í tillögunum af hinu góða t.d. þau áform að breyta ákvæðum laganna í þá átt að tryggja að nemendahópar séu fjölbreyttir og efla úrræði skóla vegna mála er varða einelti, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni í framhaldsskólum.

Fagfélögin vilja þó benda á nokkur atriði sem nauðsynlegt er að líta til við endurskoðun laganna sem snerta vinnustaðanám, sveinspróf, rafræna ferilbók, breytingar á hlutverki starfsgreinaráðs og samninga við einkaaðila.

Í áformum ráðuneytisins er vísað til 4. mgr. 30. gr. laganna sem kveður á um að námi í löggiltum iðngreinum ljúki með sveinsprófi. Ekki er tekið sérstaklega fram hvaða breytingar séu fyrirhugaðar á þessu ákvæði laganna en í gögnum frá ráðuneytinu kemur fram “að tilefni sé til að skoða hvort ástæða er til að gera frekari breytingar á ákvæðum laga um framhaldsskóla sem tengjast vinnustaðanámi, einkum vegna tilkomu rafrænnar ferilbókar og fyrirkomulags sveinsprófa.” Fagfélögin leggjast alfarið gegn því að núverandi fyrirkomulagi sveinsprófa verði breytt án nánari skýringa og samráðs við Fagfélögin og aðra hagsmunaaðila. Varðandi rafrænu ferilbókina þá telja Fagfélögin nauðsynlegt að hún sé á forræði atvinnulífsins en ekki menntamálastofnunar eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. reglugerðar um vinnustaðanám. Rökin fyrir því eru að það sé hlutverk meistara sem taka nemendur á námssamninga að ákvarða hæfnikröfur verknáms.

Fagfélögin gera ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á 4. mgr. 28. gr. laganna sem kveður á um að starfsgreinaráð skuli halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms þar sem búið er að færa þetta hlutverk til menntamálastofnunar samkvæmt 10. gr. reglugerðar um vinnustaðanám. Hins vegar telja Fagfélögin að nauðsynlegt sé að útfæra í reglugerðinni með hvaða hætti menntamálastofnun eigi að ganga úr skugga um að fyrirtæki séu hæf til að taka að sér nemendur í vinnustaðanám. Ekki sé nægilegt að meistara sækist eftir nemendum án þess að uppfylla skilyrði eða gangast undir sérstakt mat.

Í gögnum ráðuneytisins kemur fram að markmiðið með fyrirhuguðum breytingum á 43. og 44. gr. laganna, sem fjallar um samninga við einkaaðila, sé að efla skilvirka ráðstöfun fjármuna við samningsgerð um rekstur framhaldsskóla. Í skjali ráðuneytisins um mat á áhrifum lagasetningarinnar kemur hins vegar ekki fram hvað felst í breytingartillögunni. Fagfélögin telja að breytingar á þessum ákvæðum laganna geti verið af hinu góða ef þær fela í sér aukna samvinnu við símenntunarkerfi, meiri fjölbreytni í námsleiðum og aukið samstarf við atvinnulífið.

Fagfélögin komu ekki að gerð þeirra tillagna sem kynntar eru í framangreindum áformum um breytingu á lögum um framhaldsskóla og kalla þess vegna eftir auknu samráði við ráðuneytið þegar um er að ræða breytingar á laga- og regluverki iðnnáms.

Virðingarfyllst, f.h. Fagfélaganna



Elsa María Rögnvaldsdóttir
Lögfræðingur